



Alþingi
Erindi nr. P 138/1339
komudagur 22.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.03 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (445 mál).

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn þessu frumvarpi sem setur kröfur um opinber gjöld jafnfætis kröfum launafólks í þrotabú atvinnurekanda. Ábyrgðasjóður launa takmarkar ábyrgð sína bæði hvað varðar hámarksfjárhæðir og ábyrgðartímabil. Það sem fellur þar fyrir utan greiðist af eignum þrotabúa sem forgangskröfur. Verði frumvarpið að lögum mun það rýra kröfur launafólks og gera réttarstöðu þess verri en nú er.

Innheimtumenn ríkissjóðs búa nú þegar yfir fljótvirkum beinskeyttum og úrræðum til innheimtu vörsluskatta og elga að beita þeim gagnvart vörsluaðilum í vanskilum vilji þeir tryggja réttarstöðu sína. Vanskilin geta jafnframt leitt til refsinga. Launafólk býr ekki yfir sömu úrræðum en nýtur þess í stað forgangsréttar um laun sín.

Ríkisstjórnin hyggst veita fyrirtækjum í vanskilum með vörsluskatta aukinn frest til greiðslu þeirra. Tilgangur þessa frumvarps virðist helst vera sá að gera það á kostnað launafólks ef marka má greinargerð með frumvarpinu.

Athygli er jafnframt vakin á því að verði frumvarp þetta að lögum mun það rýra endurheimtur Ábyrgðasjóðs launa og kalla á aukin framlög til sjóðsins en þau hafa farið hratt vaxandi.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Stofnun 1 • Reykjavík
Sími: 535 9600 • Fíxi: 535 9901
asi@asi.is • www.asi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2273
komudagur 17.S. 2010

Frá: Soley.Ragnarsdottir@fjr.stjr.is [Soley.Ragnarsdottir@fjr.stjr.is]

Sent: 17. maí 2010 11:06


Viðtakandi: Eiríkur Áki Eggertsson

Efni: Efnahags- og skattanefnd - mál nr. 445 (forgangskröfur)

Sæll Eiríkur,

Þetta mál er í nefndinni.

Vildi benda á ef til frekari umræðna kemur að leggja mætti til sambærilega breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Þar er einnig um að ræða vörslufé sem sambærileg rök gilda um að hafi stöðu sem forgangskrafa í þrotabúi.



Alþingi
Erindi nr. P 138/
komudagur 7.4.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 07.04.2010

0911001SA
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987 o.fl. - 445. mál

Efnahags- og skattanefnd mun hafa til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki fengið umrætt frumvarp til umsagnar en vill allt að einu koma þeirri ábendingu á framfæri við efnahags- og skattanefnd, að röksemdir fyrir ríkari vernd vörsluskatta við uppgjör á búum lögaðila eiga einnig við um meðlagskröfur. Er þar vísað til vörslufjár sem vinnuveitandi hefur haldið eftir af launum starfsmanns, að kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga og á grundvelli 1. tölul. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971.

Samkvæmt upplýsingum frá Innheimtustofnun hefur verið upp og ofan hvort skiptastjórar samþykki kröfur stofnunarinnar um skil á afdregnum launum sem forgangskröfur eða ekki. Helgast þetta væntanlega af því að umrætt lagaákvæði er ekki jafn skýrt og skyldi um forgang þeirra krafna sem hér um ræðir við búskipti.

Að áliti sambandsins er eðlilegt, verði umrætt frumvarp að lögum, að þar verði jafnframt mælt fyrir um að kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga um skil á afdregnum meðlagsgreiðslum skuli við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Virðingarfyllt


SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Afrit:

Jón Ingvar Pálsson, forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Alþingi
Erindi nr. P 138/1313
komudagur 19.3.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

445. mál

Reykjavík 18. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, þskj. 767 og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, þskj. 766.

Samtök atvinnulífsins (SA) og aðildarfélag þess hafa fengið til umsagnar ofangreind frumvörp.

Samkvæmt greinargerð með eru ofangreind frumvörp tengd á þann hátt að um leið og ívilnandi innheimtuaðgerðir eru heimilaðar við innheimtu skatta og gjalda til að koma til móts við skuldsetta aðila er ætlunin að tryggja betur kröfur ríkissjóðs við gjaldprotaskipti.

Samtökin fagna fyrirnefnda frumvarpinu um greiðsluuppgjör sem létt getur undir fyrirtækjum í greiðsluvanda og er eðlilegt að reynt verði eins og hægt er að koma til móts við fyrirtæki sem starfa nú eftir hrunið í allt öðru rekstrarumhverfi en áður, en mörg hver hafa fyrirtækin eins og heimilin í landinu horft upp á skuldir sínar vaxa á ófyrirséðan hátt með ofurvöxtum og gengistryggingu við erlenda gjaldmiðla.

Samtökin leggjast hins vegar alfarið á móti þeirri breytingu sem frumvarpið um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt bera með sér. Ef kröfum ríkisins um skattgreiðslur verður skipað jafnhátt launakröfum við gjaldprot er ljóst að næsta lítið mun fara upp í launakröfurnar, en 112. gr. laga um gjaldprotaskipti nr. 21/1991 mælir fyrir um að greitt sé upp í kröfur skv. þeirri lagagrein að réttu tiltölu við fjárhæð þeirrar kröfu. Mjög oft eru kröfur ríkisins um skattgreiðslur og þá sérstaklega virðisaukaskatt háar kröfur og munu þær eignir sem til eru í protabúum aðallega fara til greiðslu skatts.

Mun áhrif breytingarinnar einna helst gæta hjá Ábyrgðarsjóði launa og má við því búast að á sjóðinn muni falla mun hærri fjárhæðir en áður. Er Ábyrgðarsjóður launa engan veginn í stakk búinn til að mæta slíku auknu álagi enda skuldavandi hans mikill í dag með auknum fjölda gjaldþrota í kjölfar hrunsins. Námu heildargreiðslur úr sjóðnum á árinu 2009 alls kr. 1.928.067.188,- en til samanburðar námu heildargreiðslur úr sjóðnum á árinu 2008 alls kr. 914.816.856,- og tvöfölduðust því greiðslurnar því á milli ára eftir hrunið.

Ábyrgðarsjóður launa er fjármagnaður með ábyrgðargjaldi sem nú er 0,25% af greiddum vinnulaunum og sem er innheimt með tryggingargjaldi. Hefur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

tryggingagjald nýlega verið hækkað verulega og er ljóst að fyrirtæki landsins þola ekki frekari hækkun gjaldsins. Má segja að þolmörkum með launatengdum gjöldum sé að fullu náð og að öll frekari hækkun myndi hafa mikil áhrif á vilja fyrirtækja til að ráða nýtt starfsfólk. Ekki er því hægt að ná frekari fjármunum til Ábyrgðarsjóðsins með hækkun ábyrgðargjaldsins.

Breytingin mun einnig hafa bein áhrif á stöðu launafólks í landinu við gjaldþrot vinnuveitenda sinna því Ábyrgðarsjóður launa ábyrgist ekki greiðslu nema hluta launakrafna. Þannig er bæði hámark á ábyrgð sjóðsins bundið við 250 þúsund kr. á mánuði á ábyrgðartímabilinu auk þess sem hún er bundin við síðustu þrjá starfsmánuði launþegans. Þá er ábyrgð lífeyrisgreiðslna takmörkuð við þær kröfur sem eru yngri en 18 mánaða frá úrskurðardegi. Launakröfur sem falla utan ábyrgðar sjóðsins munu því enn síður fást greiddar verði frumvarpið að lögum.

Leiða má að því líkur að þessi breyting muni einnig hafa það í för með sér að forgangsröðun greiðslna fyrirtækja í greiðsluvanda muni breytast. Líklegt er að greiðsluvilji á sköttum muni minnka í slíkri stöðu frá því sem nú er enda munu fyrirsvarsmenn fyrirtækja hugsanlega líta svo á að skatturinn muni hvort sem er fá sitt við gjaldþrotið.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1337
komudagur 22.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. (445. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að virðisaukaskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda verði tryggður forgangur við gjaldþrotaskipti.

Viðskiptaráð Íslands hefur einnig skilað inn umsögn um frumvarp til laga um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, 446. mál, sem lagt var fram samhliða ofangreindu frumvarpi. Haldast þessi frumvörp í hendur að ákveðnu marki og vísast því til umsagnar Viðskiptaráðs um 446. mál samhliða þessari umsögn.

Athuga verður að frumvarpið ber ekki með sér að haft hafi verið samráð við réttarfarsnefnd þegar það var unnið eins og eðlilegt er í málum er varða þetta svið. Ef það er reyndin að svo hafi ekki verið gert leggur Viðskiptaráð til að nefndinni verði fengið frumvarpið til skoðunar.

Með framlagningu á ofangreindu frumvarpi er horfið aftur til fyrirkomulags sem var afnumið með lögum nr. 78/1989. Það fyrirkomulag, að hafa kröfur vegna virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda sem forgangskröfur, var umdeilt á sínum tíma og segir meðal annars í frumvarpi með lögum er afnámu slíkan forgang:

„Er þetta í samræmi við þær tillögur sem nú nýlega eru fram komnar í Danmörku og Noregi. Um langt skeið þótti sjálfsagt að tryggja kröfur konungsins og annarra opinberra aðila sem best og að veita þeim forréttindi umfram aðra kröfuhafa. Það er vart lengur almennt viðhorf að kröfur opinberra aðila eigi að njóta sérréttinda. Að auki er þess að gæta að slíkar kröfur, fyrst og fremst skattakröfur, eru nú oft svo háar að forgangsréttindi þeirra rýra möguleika annarra kröfuhafa til að fá greiðslu upp í kröfur sínar.“

Einnig sagði:

„Er vandséð hverjar ástæður liggja þar að baki [slíkar kröfur sem forgangskröfur], ekki sist þegar litið er til þess að innheimtumenn opinberra gjalda og virðisaukaskatts hafa margvísleg lögákveðin úrræði til innheimtu fram yfir hinn almenna kröfuhafa. Hér er því um mikið réttlætismál að ræða, m.a. hvað varðar grundvöll kröfuréttinda almennt og réttarstöðu aðila í viðskiptum.“

Þær forsendur sem lágu að baki því að forgangur var afnumin á sínum tíma var því í raun vernd annarra kröfuhafa og að ríkissjóður væri þá þegar í betri aðstöðu en þeir til innheimtu. Það verður því að efast um að ástæða sé til að endurvekjja slíkan forgang og með því rýrðir möguleikar annarra

kröfuhafa, sem margir hverjir eru sjálfir innlendir aðilar sem valtir standa sökum efnahagsástandsins ásamt hinum almenna launamanni, til að fá greiðslu upp í kröfur sínar.


Þau sjónarmið sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins er að tryggður sé betur réttur ríkissjóðs við gjaldþrot með vísan til breytinga í efnahagslífinu og skil á skuldum við ríkissjóð. Ekki verður deilt um að staða ríkissjóð sé bágborin og að efnahagsaðstæður séu með verra móti, en þær eru þó ekki fjarri því sem var þegar forgangur umræddra skatta var afnuminn í lok 8. áratugs síðustu aldar þegar verðbólga var um 20%. Það er því ekki ljóst hvort ofangreint sjónarmið eigi frekar við í dag.

Aðgerðir til að auka tekjur og draga úr útgjöldum ríkissjóðs eru vissulega nauðsynlegar í þeirri stöðu sem uppi er í dag. Það verður hins vegar að gæta að heildaráhrifum slíkra aðgerða og hvort um sértækar tímabundnar aðgerðir er að ræða eða hvort um varanlega breytingu er að ræða. Eðlilegt væri því, með vísan í röksemdir greinargerðar og ofangreind rök með lögum nr. 78/1989, að forgangur skv. frumvarpinu ætti aðeins við um tiltekna kröfur sem myndast á ákveðnu tímabili. Til að mynda væri mögulegt að binda forgang við kröfur þær sem 446. mál nær til.

Vísað er í frumvarpinu til aðstæðna í dag, verður þá að spyrja hvort það sé þá ætlun stjórnvalda að fella aftur úr gildi ákvæði þessi þegar ástand er orðið betra, með vísan í tilvitnun hér að framan, eða hvort um framtíðar breytingu er að ræða?

Viðskiptaráð leggur til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands